

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Oddeyri, suðurhluti – Hríseyjargata 7 og 9.*

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar samþykkti 31. október 2012 deiliskipulagsbreytingu fyrir Oddeyri, suðurhluta sem fengið hefur málsmeðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að lóðamörk Hríseyjargötu 7 og 9 eru lagfærð og byggingarreitir fyrir viðbyggingar eru skilgreindir við húsið Hríseyjargötu 7.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 1. nóvember 2012,*

**Anna Bragadóttir,**  
verkefnastjóri skipulagsmála.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. nóvember 2012